

# GERÐ UPPDRÁTTAR

**Nemendur fá munnlegar leiðbeiningar um að fara út og gera uppdrátt. Nemendur nota autt blað og blýant og vinna einir sér.**

- ganga á um ákveðið svæði, eða
- horfa á ákveðinn stað eða í ákveðna átt (t.d. fjall)
- og teikna svo það sem þeir sjá

**Þegar inn er komið eru teikningum skilað til kennara – sem sýnir öllum allar myndir og leggur áherslu á að allar myndir eru réttar og vel gerðar.**

## **Vettvangsteikningar eru gagnlegar**

Við fáum sýn nemenda á svæðið og þeirra túlkun  
Segjum nemendum ekki hvað þeir eiga að upplifa 😊

**Munum að skipuleggja ekki of ítarlega – gefa  
þarf nemendum svigrúm til óvæntra  
uppgötvana og ólíkrar upplifunar.**

## **Umræður í kjölfarið eru mjög mikilvægar**

Spyrjum um megineinkennið  
Fáum þau til að bera saman við annað.  
Spyrja hvernig þeim leið þarna  
Notum lýsingarorð markvisst til að örva ímyndunaraflið.

# **Landslag, staðir og svæði fá svo nýja merkingu í huga nemenda sem auðveldlega má tengja við allar námsgreinar**

- Sögu
- Landfræði
- Íslensku
- Stærðfræði
- Myndlist
- ...

# **FJÖGUR DÆMI UM NÆSTA SKREF EFTIR GERÐ UPPDRÁTTAR**

**LÝSINGARORÐ**

# Dæmi 1 – Lýsingarorð, hópvinna

Til að auðvelda nemendum að tengjast tilteknu svæði/stað er gott að láta þá hugsa sér lýsingarorð sem þeim finnst lýsa staðnum/svæðinu – skrá á töfluna í stofunni.

Nemendur flokka síðan og merkja hvaða lýsingarorð eru jákvæð og hver eru neikvæð.

Hér er það ferlið og umræðan sem skiptir máli en ekki endilega útkoman.

# Dæmi 2 – Kynnumst sjónarhorni nemenda

## Fáum þau til að lýsa umhverfinu sínu

- t.d. þéttleika byggðar,
- stærð og gerð húsa,
- gerð og umfangi, þ.e. er rýmið opið/pröngt,
- hvar/hvernig græn svæði,
- gæði vega, gangstéttir,
- öryggi gangandi.

**Þannig búa nemendur í raun til mælistiku á gæði lífs íbúanna**

**Ræðum svo niðurstöðurnar – ólíkar skoðanir – við höfum öll rétt fyrir okkur.**

## **Dæmi 3 – Andheiti á kvarða**

**Nemendur velja lýsingarorð (til dæmis um svæðið sem þeir voru að skoða) og flokka þau í andheiti eða finna andheiti þeirra.**

**Setja lýsingarorðin svo upp í töflu (á næstu síðu) og hver og einn fær eintak af töflunni og merkir við einn tölustaf í hverri línu.**

**Niðurstöður eru greindar og settar fram, t.d. Í súluriti, og gefa upplifun þátttakenda af staðnum.**

**Staður er:** \_\_\_\_\_

<b>Leiðinlegt</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>Skemmtilegt</b>
<b>Ljótt</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>Aðlaðandi</b>
<b>Þéttskipað</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>Kyrrlátt</b>
<b>Einsleitt</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>Fjölbreytt</b>
<b>Litlaust</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>Litríkt</b>
<b>Ógnandi</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>Hlýlegt</b>



## Dæmi 4 – Velja staði, lýsingarorð og kvarða þau

Í þessu verkefni leggja nemendur mat á nokkur svæði út frá sömu lýsingarorðunum.

- Fyrst velja nemendur lýsingarorðin og setja í efstu línuna.
- Skrá síðan heiti svæðanna í lóðréttan dálkinn lengst til vinstri.
- Gefa svo svæðnum stig eftir því hvort lýsingarorðið á við um svæðið eða ekki.

<b>Nafn staðar eða svæðis</b>	<b>Lýsingarorð nr. 1</b>	<b>Lýsingarorð nr. 2</b>	<b>Lýsingarorð nr. 3</b>	<b>Lýsingarorð nr. 4</b>	<b>Stig</b>

**Hverju lýsingarorði eru gefin stig frá 1-5  
(5 er mjög jákvætt en 1 er mjög neikvætt).**